

Íbúaráð Laugardals 11. mars 2024: Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um brunaáætlanir fyrir borgarhlutann Laugardal og aðlæg hverfi - MSS24030064

Íbúaráð Laugardals óskar eftir upplýsingum um brunaáætlanir fyrir borgarhlutann Laugardal og aðlæg hverfi. 1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar? 2. Er aðlögunartími (brotflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki. 3. Hafa brunaáætlanir verið uppfærðar fyrir Vogabyggð, Kirkjusand og önnur uppbyggingasvæði í hverfinu

Greinargerð:

Íbúaráð Laugardal er sérstaklega hugsí yfir tíðum brunum í húsnæði þar sem er léttur iðnaður nærri uppbyggingu nýrrar byggðar og búsetu í ólöglegu húsnæði.

Hér er listi sem telur nokkra alvarlega bruna á svæðinu:

- Tveir stórbrunar í Skeifunni (Faxafen og húsnæði Fannar / Bónus)
- Hringrásarbruninn
- Tveir stórbrunar í Fellsmúla á liðnum árum
- Alvarlegur bruni í ósamþykktu húsnæði við Vatnagarða og endurtekinn bruni síðar á sama stað
- Stórbruni varð fyrir lengra síðan í Lystadún Snæland í lðnvogum